

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

Auðbrekka – Þróunarsvæði. Breytt deiliskipulag. Nýbýlavegur 2-12, svæði 1

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Auðbrekku – Þróunarsvæði; Nýbýlaveg 2-12 (svæði 1). Skipulagssvæðið sem er um 2 ha að stærð afmarkast af Skeljabrekku við Hafnarfjarðarveg til vesturs, íbúðarbyggð Lundar til norðurs og Nýbýlavegi 14 til austurs og Dalbrekku til suðurs. Umrædd deiliskipulagsbreyting nær til lóðanna að Nýbýlavegi 2-12. Í breytingunni felst að fallið verði frá sameiginlegri lóð húsanna að Nýbýlavegi 2 til 12 undir niðurgrafna bílageymslu og að lóðarmörk breytist og lóðir stækka í samræmi við það. Að Nýbýlavegi 4, 6 og 8 er fallið frá að heimila samtals 46 íbúðir og í stað þess gert ráð fyrir 4.600 m² í nýju atvinnuhúsnæði. Að Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir einni íbúð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarbyggingarmagni, fjölda bílastæða og hæð húsa á umræddum lóðum miðað við gildandi deiliskipulag. Að Nýbýlavegi 10 verður fallið frá áætlun um atvinnuhúsnæði í suðurhluta byggingarreits og veitt heimild fyrir 33 íbúðum auk bílageymslu og stoðryma í kjallara. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni eftir breytingu verður 80 íbúðir. Heildarflatarmál eykst í 10.615 m² og hluti byggingarreita hækkar um eina hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 2.9 í 3.1 og fjöldi bílastæða eykst úr 92 í 114 stæði eða 1.3 bílastæði á íbúð. Að Nýbýlavegi 2 og 12 eru ekki ráðgerðar aðrar breytingar en lóðarstækkun. Heildarstækkun lóða á Nýbýlavegi 2-12 verður 4.417 m². Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 26. apríl 2016 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 23. maí 2016 m.s.br. samþykkt í bæjarstjórn 22. maí 2018 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 6. júní 2018. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 (A1) dags. 18. maí 2020 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskil-málum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn **19. ágúst 2020**.



Kópavogsbær

Skipulagsstjóri Kópavogs

kopavogur.is